

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Samstæðuársreikningur
2016

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Kt. 690500-2130

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Stjórn og slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2016 með áritun sinni.

Slökkviliðsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. („samstæðan“) fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2016 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissu en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. mars 2017

KPMG ehf.

Arni Claessen

Rekstrarreikningur ársins 2016

				Áætlun
	Skýr.	2016	2015	2016
Rekstrartekjur				
Rekstrartekjur	2	2.535.555	2.411.892	2.474.337
 Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	3	1.977.971	1.864.343	1.937.151
Námskeið og verkefni		70.844	69.821	75.151
Viðhald og rekstur tækja og bifreiða		67.677	59.115	66.752
Húsnæðiskostnaður		119.360	107.579	118.099
Annar rekstrarkostnaður		131.395	113.862	126.300
		<u>2.367.247</u>	<u>2.214.720</u>	<u>2.323.453</u>
 Afkoma fyrir afskriftir		168.308	197.172	150.884
Afskriftir	5	83.026	82.667	87.147
 Afkoma án fjármagnsliða		85.282	114.505	63.737
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	5.078	(9.516)	(25.296)
Leiðrétting lána		0	246.393	0
 Afkoma fyrir tekjuskatt		90.360	351.382	38.441
Tekjuskattur	10	(40.685)	(11.508)	(10.567)
 Afkoma ársins	9	<u>49.675</u>	<u>339.874</u>	<u>27.874</u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2016	2015
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		1.803.613	1.832.537
Bifreiðar		66.702	72.816
Áhöld og tæki		96.845	89.000
Hugbúnaður		1.349	2.267
	5	<u>1.968.509</u>	<u>1.996.620</u>
Áhættufjármunir:			
Tekjuskattinneign	10	0	40.686
		<u>0</u>	<u>40.686</u>
Fastafjármunir		<u>1.968.509</u>	<u>2.037.306</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		109.564	81.176
Aðrar skammtímakröfur		18.799	12.562
Handbært fé		<u>365.015</u>	<u>432.974</u>
Veltufjármunir		<u>493.378</u>	<u>526.712</u>
Eignir samtals		<u><u>2.461.887</u></u>	<u><u>2.564.018</u></u>

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2016	2015
Eigið fé			
Stofnfé		1.632.967	1.632.967
Óráðstafað eigið fé		58.936	9.261
Eigið fé	8,9	<u>1.691.903</u>	<u>1.642.228</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	11	<u>227.440</u>	<u>233.139</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		68.057	54.403
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	10.034	9.255
Aðrar skammtímaskuldir	12	<u>464.453</u>	<u>624.993</u>
		<u>542.544</u>	<u>688.651</u>
Skuldir samtals		<u>769.984</u>	<u>921.790</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.461.887</u></u>	<u><u>2.564.018</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	9	49.675	339.874
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	83.026	82.667
Gengismunur og verðbætur lána		4.976	4.876
Tekjuskattur		40.685	11.508
Veltufé frá rekstri		178.362	438.925
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, breyting	(	34.544)	(30.458)
Skammtímaskuldir, breyting	(	146.967)	(16.110)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	181.511)	(14.348)
Handbært fé (til) frá rekstri	(	3.149)	424.577
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fasteignum	(	14.184)	(70.154)
Fjárfesting í bifreiðum	(	8.822)	(3.200)
Seldar bifreiðar		0	3.600
Fjárfesting í áhöldum og búnaði	(	31.908)	(17.421)
Fjárfestingarhreyfingar	5	(54.914)	(87.175)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	(	9.896)	(192.580)
Fjármögnunarhreyfingar	(	9.896)	(192.580)
Breyting á handbæru fé	(	67.959)	144.822
Handbært fé í ársbyrjun		432.974	288.152
Handbært fé í árslok		365.015	432.974

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur að geyma samstæðureikning byggðasamlagsins og dótturfélaga. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Framsetningu ársreiknings hefur verið breytt frá fyrra ári þar sem nú er eingöngu birtur samstæðuársreikningur en ársreikningur móðurfélagsins SHS bs. ekki einnig sérgreindur í ársreikningi eins og gert hefur verið fyrri ár. Ástæða breyttrar framsetningar er sú að umsvif dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. hafa minnkað með tilfærslu á eignum inn í móðurfélagið og því ekki talin lengur ástæða að gera greinarmun á rekstri og efnahag samstæðu og móðurfélags í ársreikningi.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi byggðasamlagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Viðskipti milli samstæðufélaga, viðskiptastöður og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

b. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2016. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

c. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af tekjum frá eignaraðilum, sölu á þjónustu, ýmsum sértekjum og húsaleigutekjum.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Fasteign	50 ár
Bifreiðar	10 ár
Áhöld og tæki	5 - 10 ár
Hugbúnaður	5 ár

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

h. Skatteign

Dótturfélagið SHS fasteignir ehf. er skattskyld og útreikningur á skatteign byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattskuldbindingu af efnahagsliðum.

Skýringar, frh.:

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	2016	2015
Tekjur frá eignaraðilum	1.388.471	1.388.471
Tekjur vegna sjúkraflutninga	985.884	870.711
Aðrar sértekjur	49.631	38.261
Húsaleigutekjur	104.377	107.624
Almannavarnir	7.192	6.825
Samtals	2.535.555	2.411.892

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun	1.588.851	1.361.304
Launatengd gjöld og kostnaður	402.656	347.667
Áfallinn launakostnaður, breyting ársins	(13.536)	155.372
	1.977.971	1.864.343

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf 164 160

Laun og þóknarir til stjórnar og stjórnenda námu alls 56,4 millj. kr. á árinu 2016 (2015: 46,8 millj.).

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2016	2015
Vaxtatekjur og verðbætur	17.984	11.424
Vaxtagjöld og verðbætur	(12.906)	(20.940)
Samtals	5.078	(9.516)

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign og lóðir	Bifreiðar	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	2.239.666	331.201	377.847	23.126	2.971.840
Afskrifað áður	(407.128)	(258.385)	(288.847)	(20.860)	(975.220)
Bókfært verð 1.1.2016.....	1.832.538	72.816	89.000	2.266	1.996.620
Viðbót á árinu.....	14.184	8.822	31.908	0	54.914
Afskrifað á árinu.....	(43.108)	(14.937)	(24.063)	(918)	(83.026)
Bókfært verð 31.12.2016....	1.803.614	66.701	96.845	1.348	1.968.508
Heildarverð 31.12.2016.....	2.253.850	340.023	409.755	23.126	3.026.754
Afskrifað áður	(450.236)	(273.322)	(312.910)	(21.778)	(1.058.246)
Bókfært verð 31.12.2016....	1.803.614	66.701	96.845	1.348	1.968.509

6. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat, váttryggingarverð og bókfært verð í árslok 2016 er eftirfarandi:

	Fasteignamat	Lóðamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Skógarhlíð 14	1.254.250	200.800	2.036.200	902.498
Tunguháls 13	125.200	23.350	250.450	84.480
Skútahraun 6	227.950	58.650	430.250	173.947
Skarhólabraut	251.850	77.400	491.900	642.688
	1.859.250	360.200	3.208.800	1.803.613

7. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Hlutdeild í afkomu	Nafnverð	Bókfært verð
SHS fasteignir ehf.	100,0%	51.546	469.300	277.161
Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins	100,0% (	1.509)	0	11.234
		50.037		288.395

Í lok árs 2016 nam skuld SHS fasteigna ehf. við SHS bs. um 428,7 m. kr.

8. Stofnfé

Samkvæmt stofnsamningi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. miðast stofnframlög eigenda við hlutfallslegan íbúafjölda aðildarsveitafélaga. Í lok árs 2016 skiptist stofnfé með eftirfarandi hætti:

	Hlutfall	Stofnfé
Reykjavíkurborg	60,8%	993.124
Kópavogur	14,4%	235.624
Hafnarfjörður	12,2%	199.814
Garðabær	6,2%	101.203
Mosfellsbær	4,0%	64.448
Seltjarnarnes	2,4%	38.754
	100,0%	1.632.967

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016	1.632.967	9.261	1.642.228
Afkoma ársins		49.675	49.675
Eigið fé 31.12.2016	1.632.967	58.936	1.691.903

10. Skatteign

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. er ekki skattskyldur. Dótturfélagið SHS fasteignir ehf. er skattskyldur aðili og allur tekjuskattur í reikningsskilunum á við um það félag. Í árslok var skatteign félagsins að fjárhæð 40,7 millj.kr. færð niður vegna óvissu um nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps. Í árslok yfirfæranlegt tap dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. samtals 183 millj.kr.

Skýringar, frh.:

11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2016
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt með föstum vöxtum 3,19%	237.474
Næsta árs afborgun	(10.034)
Langtímaskuldir samtals	227.440

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017	10.034
Árið 2018	10.034
Árið 2019	10.034
Árið 2020	10.034
Árið 2021	10.034
Síðar	187.304
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	237.474

12. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:

	2016	2015
Ógreidd laun og launatengd gjöld	50.016	44.549
Skuldbinding vegna fritökuréttar og aðrar áfallnar launaskuldbindingar	93.963	250.443
Áfallið orlof og aðrar skuldbindingar	167.461	145.244
Áfallinn starfslokakostnaður	39.512	73.644
Staðgreiðsla skatta o.fl.	55.457	59.118
Aðrar skammtímaskuldir	58.044	51.995
	464.453	624.993

13. Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

Almennavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins starfar eftir lögum um almennavarnir nr. 82 frá 2008. Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Starfsemi nefndarinnar er kostuð af sveitafélögum höfuðborgarsvæðisins. Rekstur nefndarinnar á árinu greinist þannig:

	2016	2015
Framlög sveitarfélaga	7.192	6.825
Laun og launatengd gjöld	4.897	1.559
Menntun og verkefni	561	500
Sameiginlegur kostnaður	3.243	3.070
	8.701	5.129

14. Ábyrgðir

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ber ábyrgð á lántökum dótturfélagsins SHS fasteigna ehf. sem námu 237,5 m.kr. þann 31. desember 2016.

15. Önnur mál

Starfsmannamál

Samkvæmt lögum um brunavarnir verða slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun að hafa staðist læknisskoðun, þrekpróf, þolpróf og aðra mælingu líkamsástands. Einnig eru ákvæði í lögum, reglugerðum eða leiðbeiningum sem meina eða leysa slökkviliðsmenn undan þeirri starfsskyldu að stunda reyk- og/eða efnaköfun við ákveðinn aldur. Þessi ákvæði ásamt öðrum þáttum sem fylgja starfi þeirra kallar á möguleika á léttari vinnu og/eða flýta þurfi starfslokum. Tilfærsla í starfi eða hlutastarfi fyrir þennan hóp stendur ekki alltaf til boða og er íþyngjandi rekstrarlega séð fyrir slökkviliðið. Slökkviliðið hefur því reynt að gera starfslokasamninga við nokkra starfsmenn á hverju ári. Áfallnar skuldbindingar vegna þeirra hafa verið gjaldfærðar og skuldfærðar. Byggðasamlagið hefur jafnframt fært skuldbindingu vegna væntra starfslokagreiðslna á árinu 2016 og síðar. Heildarskuldbinding vegna starfslokasamninga nemur 39,5 m.kr. 31. desember 2016.

Á árinu 2015 voru gjaldfærðar samtals 115 m.kr. vegna frítökuréttar starfsmanna sem safnast hefur upp á seinustu sjö árum auk annarra áfallinna launaskuldbindinga. Í lok árs 2016 stendur skuldbindingin í 93,4 m.kr.

Dómsmál vegna gengistryggðra lána

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. hefur hafið málsókn vegna gengistryggðs láns sem greitt var upp árið 2011 og er hjá Íslandsbanka. Krafan með dráttarvöxtum var kominn í um 213 m.kr. miðað við 31. mars 2015. Dómur féll í héraðsdómi í apríl 2016 og tapaðist málið. Stjórn SHS hefur ákveðið að áfrýja málinu til Hæstaréttar en niðurstöðu er að vænta á næstu mánuðum.